

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt nr. 668/2010 um umgengni og þrifnað utan húss
í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað,
Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði.**

1. gr.

Nafn samþykktarinnar verður:
Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði, Breiðdalshreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði.

2. gr.

Á eftir orðinu „Fjarðabyggðar“ í 1. mgr. 10. gr. samþykktarinnar kemur: Breiðdalshrepps.

3. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 12. ágúst 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.